

AUGLÝSING

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um skipan skilanefndar fyrir Straum-Burðarás fjárfestingarbanka hf.

Þann 6. október sl. voru samþykkt á Alþingi lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, sem fólu í sér breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og öðrum lögum. Með lögunum eru Fjármálaeftirlitinu meðal annars fengnar heimildir til að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Meti Fjármálaeftirlitið það svo að aðstæður séu mjög knýjandi getur það meðal annars tekið yfir vald hluthafafundar, vikið stjórn fjármálafyrirtækis frá störfum og skipað skilanefnd og/eða tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki, sbr. 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, eins og þeim var breytt með lögum nr. 125/2008.

Í bréfi sem Fjármálaeftirlitið sendi Straumi – Burðarási fjárfestingarbanka hf. (Straumi) þann 8. mars 2009 var óskað eftir upplýsingum um lausafjárstöðu bankans m.t.t. þeirra skuldbindinga sem bankinn þarf að standa við á næstu dögum. Seðlabanki Íslands hafði upplýst Fjármálaeftirlitið um þrönga lausafjárstöðu Straums og var bréfið m.a. sent að því tilefni.

Í svarbréfi Straums er barst samdægurs kom fram að bankinn þyrfti að standa skil á skuldbindingum að fjárhæð 33 milljónir evra þann 9. mars 2009 en hefði aðeins handbært fé að fjárhæð 15,3 milljónir evra. Jafnframt kemur fram í bréfinu að það sé mat Straums að það sé ekki raunhæfur kostur að afla þess fjár sem nauðsynlegt er til að tryggja áframhaldandi starfsemi og að ákveðið hafi verið að óska eftir heimild til greiðslustöðvunar að morgni þann 9. mars 2009.

Með vísan til ofangreinds er ljóst að staða Straums er orðin þannig að ákvæði 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki eiga við um bankann. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að yfirvofandi og alvarlegur lausafjárskortur bankans feli í sér knýjandi aðstæður í skilningi 3. mgr. 100. gr. a fyrrgreindra laga.

ÞAÐ ER ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS að taka yfir vald hluthafafundar Straums og víkja félagsstjórn í heild sinni frá störfum þegar í stað. Fjármálaeftirlitið skipar jafnframt hér með skilanefnd sem tekur við öllum heimildum stjórnar félagsins samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, í samræmi við 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Skilanefnd skal fara

með öll málefni Straums, þar á meðal að hafa umsjón með allri meðferð eigna bankans, svo og að annast annan rekstur hans. Skilanefnd skal fylgja ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki og starfa í samráði við Fjármálaeftirlitið.

Ákvæði 64. og 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eiga ekki við meðan skilanefnd fer með málefni fjármálafyrirtækisins. Á sama tíma verður ekki komið fram gagnvart fjármálafyrirtækinu aðfarargerð á grundvelli laga um aðför eða kyrrsetningu á grundvelli laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Í skilanefnd hafa verið skipaðir:

- Reynir Vignir, formaður, lögg. endurskoðandi, kt. 040754-3469
- Kristinn Freyr Kristinsson, lögg. endurskoðandi, kt. 090873-5049
- Arna Guðrún Tryggvadóttir, lögg. endurskoðandi, kt. 080278-3499
- Elín Árnadóttir, hdl., kt. 080661-3559
- Ragnar Þórður Jónasson, hdl., kt. 290571-4999

Ákvörðun þessi var tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og öðlast hún þegar gildi. Engin vanefndaúrræði viðsemjenda skulu taka gildi sem afleiðing af ákvörðun þessari.


FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

9. mars 2009



Gunnar Haraldsson

Formaður stjórnar



Ragnar Hafliðason

Forstjóri